



323. fundur Afrekssjóðs ÍSí

19. nóvember 2024 kl. 16.00

Mætt öll á Teams.

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Guðrún Inga Sívertsen (GS), Stefán Jóhannesson (SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

SJ yfirgaf fundinn kl. 17.00

1. Rekstur Afrekssjóðs

Rætt var um rekstur sjóðsins og greiðslur fyrir umsýslu. Stjórn sjóðsins gerir ráð fyrir að, líkt og fyrri ár verði greiddar 10mkr. til ÍSí vegna þjónustu Afrekssviðs og 3mkr. vegna umsýslu við sjóðinn sbr. samning við stjórnvöld. Í ljósi nýs fjármagns frá stjórnvöldum í afreksstarf verði hins vegar hætt greiðslu 4mkr. vegna heilbrigðisteymis og Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSí.

Fram kom að tekjur sjóðsins árið 2024 væru áætlaðar 496mkr. (392mkr. frá stjórnvöldum og 104mkr. úr Lottó). Til viðbótar eru vaxtatekjur ársins áætlaðar um 3mkr.

Rædd voru nýsamþykkt fjárlög sem gera ráð fyrir 392mkr. framlagi í Afrekssjóð árið 2025 líkt og síðustu ár. Að auki var tilgreint 637mkr. viðbótarframlag í afreksstarf. Ekki liggur fyrir hvernig nýju fjármagni verður ráðstafað og hvort hluti þess muni renna í Afrekssjóð.

2. Úthlutunarfjárhæð 2025

Gert er ráð fyrir að handbært fé sjóðsins verði um 108mkr. um næstu áramót. Ógreidd verður þá lokagreiðsla ársins 2024, um 42mkr. og ógreitt til sjóðsins áætlaðar niðurfellingar ársins 2024 um 10mkr. Í samningum við sérsambönd ÍSí er gert ráð fyrir að lokagreiðsla og niðurfellingar komi til við uppgjör afreksstarfs og yfirferð ársreikninga í mars/maí 2025. Viðbótarúthlutanir vegna íþróttalegs árangurs hafa undanfarin ár verið um 5-20mkr.

Að teknu tilliti til stöðu handbærs fjár sjóðsins, væntra viðbótarúthlutana ársins 2025, lokagreiðslna vegna ársins 2024 og væntanlegra breytinga á fyrirkomulagi Afrekssjóðs með nýju fjármagni í afreksstarf, ákvað stjórn að úthluta 530mkr. árið 2025.

3. Umsóknarferli vegna úthlutunar ársins 2025

Rædd var flokkun sérsambanda. Tvö Afrekssérsambönd virðast ekki uppfylla skilyrði um að vera Afrekssérsamband, JSÍ og KAÍ. KSR var falið að skoða betur forsendur flokkunar.

BLÍ hefur sent inn erindi vegna flokkunar sérsambandsins. Óskað var eftir afstöðu Afrekssviðs vegna þess. Beðið er eftir formlegri afstöðu Afrekssviðs.

Rædd var úthlutun í einstökum afrekspáttum og til sérsambanda í heild. Einnig rætt hlutfall Afrekssérsambanda og Verkefnasérsamanda. Miðað við drög að úthlutun eru Afrekssérsambönd I og II að fá um 75% af úthlutun.

Lauslega var farið yfir einstaklingsstyrki en drög að tillögu um úthlutun styrkja til einstaklinga lá fyrir frá Afrekssviði. Gerir Afrekssvið ráð fyrir að breyta lítillega og klára tillöguna sína í vikunni.

Rætt var um úthlutun til KSÍ en undanfarin ár hefur KSÍ ekki hlotið styrk úr Afrekssjóði. Ákveðið var að fresta ákvörðun um úthlutun til KSÍ og skoða forsendur betur.

Ákveðið var að skoða drög að úthlutun betur og fresta ákvörðun um úthlutun til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 18.20